

13. Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði mánudaginn 14. febrúar 2011 klukkan 20:00

Mættir eru: Anna Kristín, Þorgerður, Kristlaug María, Óskar Þór, Þorsteinn.

Þorsteinn setti fundinn

1. Fundargerð – frestað til næsta fundar, þar sem að fundargerð hefur ekki skilað sér til ritara.
2. Styrkumsóknir – frestað til næsta fundar.

-Kristín mætti til fundar.

-Jóhanna mætti til fundar.

3. Tillögur fyrir þingið.
 - a. Þorsteinn birti tillögur sem að eru komnar fyrir komandi þing.
 - i. Kom uppástunga í sambandi við tillögu númer 10 að senda bréf til alla félaga um hvort þeir myndi vilja tilnefna einhverja einstaklinga til að sitja í almenningsíþróttanefnd.
 - ii. Umræða myndaðist um lottótekjurnar, hvort að það ætti eitthvað að breyta tillögunni. Ákveðið að sjóða saman í nýja tillögu um lottótekjurnar. Breyta tekjunum þannig að 20% af lottótekjunum fara í félagagjöld, 5% fara í afreksmannasjóð og 75% fara beint til UMSE.
 - iii. Sjóða á saman tillögu um aldursflokkamótið.
4. Ákveðið að setja inn pening í afreksmannasjóð til að styrkja hann.
5. Tilnefningar.

Ekki hafa borist neinar tilnefningar til íþróttamanns UMSE árið 2010 enn sem komið er.

Fundi slitið.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður